



HÁSKÓLAHERMIR

Tækifæri fyrir framhaldsskólanema til þess að kynnast námsframboði Háskóla Íslands

Hvað er Háskólahermir?

Dagana 1. og 2. febrúar 2018 fá 300 framhaldsskólanemar tækifæri til þess að sækja skemmtileg námskeið í Háskóla Íslands og taka virkan þátt í háskólasamfélaginu. Verður þú einn af þeim?

Fyrir hverja?

Háskólahermirinn er fyrir nemendur sem eru u.þ.b. hálfnaðir með nám sitt í framhaldsskóla og vilja kynnast, af eigin raun, því sem Háskóli Íslands hefur upp á að bjóða.

Kynningarfundur verður haldinn í Fjölbrautaskólanum í Garðabæ þriðjudaginn 16. janúar kl. 10:10 í fyrirlestrasalnum. Allir fæddir árin 1999 og 2000 velkomnir



Við hlökkum til að sjá þig í Háskóla Íslands :)

„Þetta var einstakt tækifæri. Mjög góð leið til að vekja áhuga fólks sem kannski hefur aldrei hugsað um að fara í háskóla en sér svo hversu mikið er í boði. Ég var með mjög "steríótypical" hugmyndir um háskólann og kom það mér mjög á óvart hversu ferskt og unglegt umhverfið var. Allir tóku rosalega vel á móti okkur."

- Þátttakandi í Háskólahermi



HÁSKÓLI ÍSLANDS